

Lög

um breytingu á lögum nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

1. gr.

Í stað orðanna „skal ráðherra breyta“ í 2. málsli. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: getur ráðherra breytt.

2. gr.

Í stað orðanna „skal senda stjórnvaldi því er tekur við ársreikningum félaga ársreikning eða samstæðureikning sjálfseignarstofnunar“ í 31. gr. laganna kemur: skal stjórn sjálfseignarstofnunar senda ársreikningaskrá ársreikning sinn, svo og samstæðureikning ef um er að ræða samstæðu skv. b-lið 1. mgr. 3. gr.

3. gr.

Í stað orðanna „Stjórnvald það er tekur við ársreikningi félaga“ í 3. mgr. 34. gr. laganna kemur: Ársreikningaskrá.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 10. mars 2003.